

Föstudagur, 6. desember 2002

191. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 40/2002

## **Kvörtun Salov SpA yfir tölvubréfi Meistaravara ehf.**

### **I.**

#### **Erindið**

Með bréfi, dags. 25. febrúar 2002, kvartar Logos lögmannsþjónusta fyrir hönd ítalska fyrirtækisins Salov SpA yfir tölvubréfi framkvæmdastjóra Meistaravara. Salov SpA framleiðir Filippo Berio ólífuolíu og er umboðsaðili þess hér á landi Innnes ehf. Að mati Salvo SpA innihélt tölvubréf framkvæmdastjóra Meistaravara, sem hann sendi matreiðsluklúbbnum Freistingu, þann 14. febrúar 2002, ósannan áróður um Filippo Berio ólífuolíu.

Í erindinu segir að málavextir séu þeir að hinn 9. febrúar 2002 hafi birst grein í Morgunblaðinu með fyrirsögninni: „*Krabbameinsvaldandi efni finnast í algengum ólífuolíum*“. Í greininni er fjallað um niðurstöður rannsókna á vegum Livsmedelsverket, sænsku Hollustuverndarinnar, á 36 ólífuolíutegundum. Fram kemur að samkvæmt sænsku niðurstöðunum hafi svo kölluð PAH-gildi m.a. í Filippo Berio ólífuolíu verið of há, en PAH er hópur krabbameinsvaldandi efna. Mælst er til að þær olíutegundir sem hafa PAH-gildi yfir 5 samkvæmt rannsókninni verði teknar úr hillum verslana. Jafnframt kemur fram í blaðgreininni að niðurstaða Hollustuverndar ríkisins sé að PAH-gildi Filippo Berio olíanna sem seldar séu hér á landi séu undir hámarksmörkum.

Í erindi kvartanda segir að sýnt hafi verið fram á að sænsku niðurstöðurnar hafi ekki verið réttar og hafi Salov SpA séð ástæðu til að stefna sænska ríkinu fyrir stjórnsýsludómstól og jafnframt að senda kæru til framkvæmdastjórnar ESB vegna málsins. Í erindinu kemur fram að umfjöllun af þessu tagi geti haft veruleg áhrif hér á landi enda sé varan markaðssett sem hollustuvara. Bent er á að markaðshlutdeild Filippo Berio ólífuolíu sé um 80% hér á landi. Umfjöllun Morgunblaðsins sé þannig fram sett að auðvelt sé að slíta hana úr samhengi þar sem fyrirsögnin sé í raun dregin til baka í greininni sjálfri.

Kvartandi telur sig hafa sannanir fyrir því að Meistaravörur hafi nýtt sér Morgunblaðsgreinina til þess að bera út óhróður um framleiðsluvörur hans. Hafi

dreifibréf verið sent með tölvubréfi, þann 14. febrúar 2002, til matreiðsluklúbbsins Freistingar á netfangið freisting@freisting.is, en það er félagsskapur sveina í matreiðslu, framreiðslu, bakaraiðn og kjötiðn. Sendandi bréfsins hafi verið framkvæmdastjóri Meistaravara en það hafi ekki komið fram í bréfinu. Meistaravörur flytji inn matarolíuna ISIO4 og Lesieur-ólífuolíur og sé keppinautur kvartanda. Ætlun bréfitara hafi verið að bréfið yrði birt á heimasíðu Freistingar en það hafi ekki verið gert. Talið sé að samhljóða tölvubréf hafi verið sent fjölmiðlum. Umrætt tölvubréf hljóðar svo:

*„Krabbameinsvaldandi efni í Filippo Berio ólífuolíu.*

*Í Morgunblaðinu þann 9. febrúar sl. birtist mjög eftirtektarverð grein þar sem grein var gerð fyrir krabbameinsvaldandi efnum sem fundist hafa í ólífuolíum. Meðal þess sem í greininni sagði var eftirfarandi:*

*„Magn krabbameinsvaldandi efnis yfir ákveðnum viðmiðunarmörkum hefur greinst í nokkrum tegundum ólífuolía og jómfrúarolía, en a.m.k. ein tegundin (Filippo Berio innsk. höf.) er seld hér á landi.“ ? „Þetta kemur fram í niðurstöðum rannsóknar sem Livsmedelsverket í Svíþjóð gerði á 32 olíutegundum; 25 jómfrúarolíum og sjö ólífuolíum. Sex þeirra tegunda (m.a. Filippo Berio, innsk. höf) sem rannsakaðar voru reyndust innihalda PAH (polycyclic aromatic hydrocarbon) yfir hámarksgildum, en PAH er hópur krabbameinsvaldandi efna. Þær teljast því óhæfar til neyslu og ættu ekki að vera í hillum verslana, að mati Hollustuverndar Svía.“*

*Síðar í þessari grein er haft eftir starfsmanni Hollustuverndar ríkisins að samkvæmt rannsóknarniðurstöðum, sem óháðar erlendar rannsóknarstofur hafa gefið út, sé PAH gildi Filippo Berio olianna undir hámarksmörkum. Samkvæmt mínum upplýsingum hefur Hollustuvernd ríkisins ekki gert mælingar á Filippo Berio oliunum.*

*Jafnframt kemur fram í greininni að PAH sé eitt skæðasta krabbameinsvaldandi efni sem fyrirfinnist og að ef um sé að ræða tæra kaldpressaða Extra Virgin ólífuolíu þá eigi PAH, sem myndast við bruna, ekki að finnast í oliunni. Haft er eftir eiturefnafræðingi Livsmedelsverket frá Svíþjóð að ástæður þess að PAH finnist í Extra Virgin ólífuolíum, eins og gerðist með Filippo Berio, megi hugsanlega rekja til mengunar í umhverfi plantnanna sem notaðar voru við gerð oliunnar eða að hratolíu hafi verið blandað saman við framleiðsluna.*

*Það sem gerir þetta mál sérstaklega áhugavert er að Filippo Berio er mest selda olian á Íslandi og hún hefur verið auglýst sem einstaklega holl vara. Markaðshlutdeild er nálægt 50% ef ekki meiri og því er þetta væntanlega vara sem er inni á meirihluta heimila á landinu. Það sem þessi scenska rannsókn leiðir hinsvegar í ljós er að Filippo Berio olian er beinlínis eitruð og ekki hæf til neyslu að mati Hollustuverndar*

*Svíá. Að vísu hafa innflutningsaðilar hér á landi samkvæmt Hollustuvernd ríkisins, lagt fram rannsóknarniðurstöður óháðrar rannsóknarstofu, sem sýnir að PAH-gildin séu undir hámarksmörkum. Rétt er að ítreka að ekki virðist um það að ræða að ekkert PAH sé í Filippo Berio oliunni, heldur sé það undir hámarksmörkum, sem þýðir að Filippo Berio, hvort sem er í Svíþjóð eða á Íslandi, inniheldur krabbameinsvaldandi efni. Út frá þessu og þeim skýringum sem settar hafa verið fram um með hvaða hætti PAH myndast í ólífuolíu þá verður ekki annað séð en að Filippo Berio sé framleiðandi sem sé frekar varhugaverður svo ekki sé dýpra í árinni tekið. Einnig er rétt að velta því fyrir sér hvort líklegt sé að Filippo Berio framleiði aðrar vörur fyrir íslenskan markað en sænskan markað. Trúverðugleika þess læt ég hverjum og einum eftir að meta.*

*Það er áhugavert að skoða þetta mál í samhengi við það mikla uppistand sem varð út af kúariðumálinu sl. sumar. Þá gengu verðslanir fram fyrir skjöldu og tóku úr hillum allar vörur þar sem minnsti vafi lék á að um smitað kjöt gæti verið að ræða. Engin áhætta skyldi tekin. Jafnframt þá varð mikil umræða í fjölmiðlum um málið og almenningi haldið vel upplýstum og stóðu fjölmiðlar þar sig einstaklega vel. Rétt er að hvetja fjölmiðla og Neytendasamtökin að taka þetta mál til rækilegrar skoðunar og upplýsa landsmenn, með aðstoð fagfólks, hvernig rétt væri fyrir allan almenning og verðslanir að bregðast við því að ein af algengari neysluvörum á heimilum landsmanna hefur mælst innihalda hættulegt krabbameinsvaldandi efni.“*

Í erindi kvartanda segir að hér séu á ferðinni slíkar rangtúlkanir að þær séu til þess fallnar að vega að rótum atvinnurekstrar kvartanda. Tölvubréfið sé ekki ritað í þeim tilgangi að vernda neytendur þar sem gegn betri vitund sé því m.a. haldið fram að varan sé eitruð, varhugaverð og ástandinu líkt við kúariðumálið frá síðasta ári. Þá hafi Stöð 2 fjallað um málið, þann 16. febrúar 2002, og ætla megi að tengsl séu á milli dreifibréfsins og þeirrar umfjöllunar. Kvartandi telur að Meistaravörur hafi gerst brotlegt við 20. og 21. gr. samkeppnislaga og brotið geti haft alvarlegar fjárhagslegar og varanlegar afleiðingar fyrir kvartanda.

Með erindinu fylgdi m.a. afrit umræddrar greinar Morgunblaðsins, tölvubréf framkvæmdastjóra Meistaravara, bréf sænskrar lögmannsstofu til Hollustuverndar ríkisins ásamt ljósvakahandriti fréttar Stöðvar 2 um krabbameinsvaldandi ólífuolíur.

## II. Málsmeðferð

### 1.

Hinn 27. febrúar 2002 óskaði Samkeppnisstofnun eftir athugasemdum og viðbrögðum Meistaravara við kvörtun Salov SpA. Jafnframt var farið fram á að upplýst yrði hvort tölvubréfið til Freistingar væri á vegum fyrirtækisins.

Svar Andra Árnasonar hrl. f.h. Meistaravara er dags. 14. mars 2002. Þar segir að það sem í erindinu sé kallað dreifibréf sé í raun tölvubréf sem sent hafi verið hinn 14. febrúar til matarklúbbsins Freistingar. Í tölvubréfinu hafi verið vakin athygli á grein sem birtist í Morgunblaðinu hinn 9. febrúar 2002, en hún hafi fjallað um hátt gildi PAH í nokkrum tegundum af ólífuolíum m.a. þeirri sem kvartandi framleiðir. Í tölvubréfinu sé vakin athygli á greininni og fjallað um efni hennar. Bent sé á að skv. niðurstöðum greinarinnar gæti verið varhugavert að neyta þeirrar ólífuolíu sem kvartandi framleiðir. Ekki hafi verið minnst á aðrar ólífuolíutegundir. Hafi því ekki verið um auglýsingu eða kynningu að ræða.

Þegar tölvubréfið hafi verið ritað hafi verið fyrir hendi óvissa um heilnæmi ólífuolíu þeirrar sem kvartandi framleiðir. Ekki hafi legið fyrir að sænska rannsóknin hafi verið haldin annmörkum eða að ólífuolía sú sem kvartandi framleiðir og flytji inn hingað til lands innihéldi PAH undir viðmiðunarmörkum. Meistaravörur hafi ekki á nokkurn hátt staðið að sænsku könnuninni og heldur ekki Morgunblaðsgreininni. Blaðgreinin hafi birst á opinberum vettvangi og ætla megi að hafi verið um skaða að ræða hafi hann að fullu verið kominn til með birtingu blaðagreinarinnar. Tölvubréfið hafi einungis verið sent á eitt netfang og hafi ekki verið birt á heimasíðu matreiðsluklúbbsins Freistingar. Ekkert liggi fyrir um að farið hafi verið fram á slíka birtingu heldur hafi það mat verið lagt í hendur forsvarsmanna heimasíðunnar og hafi þeir kosið að birta það ekki. Þá er bent á að tölvubréfið hafi ekki verið sent af Meistaravörum heldur persónulega af framkvæmdastjóra fyrirtækisins.

Þá segir að ómögulegt sé að sjá hvernig komist sé að þeirri niðurstöðu að Meistaravörur beri ábyrgð á umfjöllun um málið í fréttatíma Stöðvar 2. Hún hljóti að vera á ábyrgð fréttastofu sjónvarpsstöðvarinnar eða þess fréttamanns sem um málið fjallaði þó svo að tölvubréfið hefði hugsanlega komist í hendur fréttastofunnar.

Ekki sé um brot á 20. gr. samkeppnislaga að ræða þar sem tölvubréfinu sé ekki beint gegn hagsmunum neytenda en greininni sé ætlað að koma í veg fyrir að brotið sé gegn góðum viðskiptaháttum eða aðhafst eitthvað það sem brjóti gegn hagsmunum neytenda.

Loks er í bréfinu vísað til þess að í greinargerð með lögunum segi um 21. gr. laganna að hún eigi við í þeim tilvikum þar sem keppinautar noti rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar til framdráttar sinni vöru á kostnað vöru keppinautar. Sé hér einkum átt við auglýsingar, en greinin eigi jafnframt við um ýmis konar opinbera umræðu sem sé sama marki brennd. Síðari málsgreininni sé ætlað að koma í veg fyrir ósanngjarnar auglýsingar eða viðskiptaaðferðir og er þá t.d. átt við samanburðarauglýsingar og að skírskotað sé í umfjöllun til óviðkomandi mála sem snerta ekki beint þá vöru sem rætt er um.

Ekki verði séð með vísan til ofangreinds, að kærði hafi aðhafst nokkuð það sem í bága gæti farið við ákvæði samkeppnislaga.

## 2.

Hinn 18. mars 2002 sendi Samkeppnisstofnun lögmanni Salov SpA bréf Meistaravara til umsagnar. Ekkert svar barst.

## 3.

Samkeppnisstofnun barst bréf Logos, dags. 1. mars 2002, þar sem meðfylgjandi var yfirlýsing framkvæmdastjóra Meistaravara sem birst hafði í Morgunblaðinu þann 28. febrúar 2002.

Í kjölfar greinarinnar sem birst hafði í Morgunblaðinu, þann 9. febrúar 2002, höfðu gengið á víxl yfirlýsingar frá Innnesi og Meistaravörum í Morgunblaðinu.

Þann 20. febrúar sl. birtist í Morgunblaðinu yfirlýsing frá Innnesi þar sem m.a. segir að bréfi með dylgjum og rógburði um Filippo Berio hafi verið dreift af keppinauti Innness.

Í yfirlýsingu Innness í Morgunblaðinu, þann 23. febrúar 2002, segir m.a. að málið hafi komist á kreik hér á landi vegna þess að verið sé að senda viðskiptavinum nafnlaus bréf og tölvubréf. Fyrirtækið geti ekki fullyrt hvaðan nafnlausu bréfin komi en tölvubréfið stafi frá keppinaut þeirra, Meistaravörum.

Í yfirlýsingu Meistaravara, þann 28. febrúar 2002, í Morgunblaðinu er því mótmælt að umræða um þessi mál hafi farið af stað fyrir tilstuðlan Meistaravara. Upphafið hafi verið grein Morgunblaðsins. Jafnframt er því mótmælt að Meistaravörur hafi sent viðskiptavinum Innness tölvubréf.

Þann 9. apríl 2002 birtist síðan í Morgunblaðinu grein þar sem fram kom að niðurstaða rannsóknar Hollustuverndar ríkisins á ólífuoólíum seldum hér á landi sýndi að PAH-gildi mældust undir öryggismörkum og uppfylltu allar tegundir skilyrði fyrir innflutningi.

#### 4.

Á fundi auglýsinganefndar, ráðgjafarnefndar samkeppnisráðs, þann 6. júní 2002, kom mál þetta m.a. til umræðu. Fund nefndarinnar sátu Atli Freyr Guðmundsson, Jóhannes Gunnarsson og Sólveig Ólafsdóttir. Niðurstaðan var að nefndin taldi málið ekki heyra undir verksvið nefndarinnar þar sem ekki væri um að ræða auglýsingu sem birst hefði neytendum opinberlega.

#### 5.

Með bréfi, dags. 28. nóvember 2002, tilkynnti Samkeppnisstofnun málsaðilum að gagnaöflun í máli þessu væri lokið. Jafnframt var fyrirtækjunum tilkynnt að málið yrði lagt fyrir fund samkeppnisráðs til ákvörðunar.

### III.

#### Niðurstöður

Á fundi samkeppnisráðs, þann 6. desember 2002, var ákvörðun tekin í þessu máli. Þátt í fundinum tóku Kirstín Þ. Flygenring, Atli Freyr Guðmundsson, Karitas Pálsdóttir, Ólafur Björnsson og Ragnheiður Bragadóttir.

#### 1.

Í máli þessu kvartar Salov SpA yfir tölvubrési Meistaravara til matreiðsluklúbbsins Freistingar, dags. 14. febrúar 2002, og telur að bréfið brjóti gegn ákvæðum 20. og 21. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993. Bréfið hafi að geyma óhróður um Filippo Berio ólífuolíu sem byggist á blaðagrein sem birtist í Morgunblaðinu þann 9. febrúar 2002. Tilgangurinn með því að senda tölvubrésið til matreiðsluklúbbsins Freistingar hafi verið sá að fá það birt á heimasíðu klúbbsins. Óhróður af þessu tagi sé til þess fallinn að hafa veruleg áhrif á eftirspurn Filippo Berio ólífuolíu hér á landi. Þá er þess getið að Stöð 2 hafi fjallað um málið og bent á að ætla megi að tengsl séu á milli dreifibréfsins og umfjöllunar sjónvarpsstöðvarinnar.

Helstu rök Meistaravara eru þau að í tölvubræfinu sé aðeins fjallað um og vísað til fyrrnefndrar blaðagreinar sem birtist í Morgunblaðinu. Tölvubrésið hafi aðeins verið sent einum aðila. Ef tjón hafi hlotist af umfjölluninni hafi það orðið við birtingu blaðagreinarinnar. Þá hafi framkvæmdastjóri Meistaravara sent tölvubrésið persónulega en ekki í nafni fyrirtækisins. Meistaravörur telja því að ekki sé um brot á 20. eða 21. gr. samkeppnislaga að ræða. Þá er því mótmælt að umfjöllun Stöðvar 2 á málinu sé nokkurn hátt á ábyrgð Meistaravara.

## 2.

Tölvubréf það sem mál þetta snýst um er undirritað með fullu nafni, kennitölu og símanúmeri. Nafn Meistaravara er þar ekki að finna en bréfitari er framkvæmdastjóri fyrirtækisins. Þá er tilgreint símanúmer tölvubréfsins m.a. skráð á Meistaravörur. Meistaravörur flytja inn matarolíuna ISIO4 og Lesieur-ólífuolíur og er keppinautur Salov SpA sem framleiðir Filippo Berio olíuna. Að mati samkeppnisráðs verður ekki litið fram hjá stöðu bréfitara hjá Meistaravörum og því eðlilegt að erindinu sé beint að fyrirtækinu.

Í umræddu tölvubréfi segir að rétt sé að hvetja fjölmiðla og Neytendasamtökin til að taka þetta mál til skoðunar og upplýsa landsmenn hvernig bregðast skuli við því að algeng neysluvara innihaldi krabbameinsvaldandi efni. Með vísan til þessa kannaði Samkeppnisstofnun hvort Neytendasamtökunum hefði borist umrætt tölvubréf. Í ljós kom að tveimur starfsmönnum samtakanna hafði borist tölvubréfið frá Meistaravörum sama dag og Freistingu barst það, aðeins einni mínútu fyrr. Í því bréfi kemur fram að netfang sendanda er meis@simnet.is sem styður framangreint mat samkeppnisráðs að eðlilegt sé að erindinu sé beint að Meistaravörum. Í svari Meistaravara er því haldið fram að ekki hafi verið um dreifibréf að ræða þar sem það hafi eingöngu verið sent á eitt netfang. Samkeppnisráð fær aftur á móti ekki séð annað en um dreifibréf sé að ræða sent í þeim tilgangi að efni þess hlyti opinbera umfjöllun.

Að mati kvartanda brýtur dreifibréfið gegn ákvæðum 20. og 21. gr. samkeppnislaga en Meistaravörur telja svo ekki vera. Í 20. gr. samkeppnislaga er kveðið á um að óheimilt sé að hafast nokkuð það að sem brjóti í bága við góða viðskiptahætti í atvinnustarfsemi. Af greininni má ráða þann vilja löggjafans að í atvinnustarfsemi verði fyrirtæki að virða tiltekin siðferðisleg gildi. Fyrirtækjum er uppálagt að viðhafa góða viðskiptahætti gagnvart keppinautum sínum.

Eins og fram hefur komið í álitu auglýsinganefndar, ráðgjafarnefndar samkeppnisráðs, kom umdeilt dreifibréf ekki til opinberrar birtingar og felur því ekki í sér auglýsingu að mati samkeppnisráðs. 21. gr. samkeppnislaga tekur aftur á móti einnig til rangra, villandi og ófullnægjandi upplýsinga sem birtar eru með öðrum hætti en í auglýsingum og telur samkeppnisráð að sú grein komi til álita í máli þessu ásamt 20. gr. laganna um góða viðskiptahætti.

Kveikjan að því dreifibréfi sem mál þetta snýst um er blaðagrein sem birtist í Morgunblaðinu, þann 9. febrúar 2002. Í blaðagreininni er fjallað um PAH (polycyclic aromatic hydrocarbons) sem eru krabbameinsvaldandi efni sem finnast m.a. í ólífuolíum. Greinin byggist á niðurstöðum rannsókna sem Livsmedelsverket í Svíþjóð lét framkvæma. Sérstaklega er bent á að fram hafi komið í rannsókninni að Filippo Berio ólífuolíur séu meðal þeirra olía þar sem gildi PAH sé yfir hámarksmörkum. Enn fremur segir í blaðagreininni að samkvæmt upplýsingum frá

Hollustuvernd ríkisins hafi óháðar erlendar rannsóknarstofur gefið út niðurstöður sem sýna að PAH-gildi Filippo Berio olianna sem seldar séu hér á landi séu undir hámarksmörkum. Samkeppnisráð telur að af gögnum málsins megi ráða að dreifibréfið sem mál þetta snýst um byggist eingöngu á blaðagreininni. Ekkert bendir til þess að á þeim tíma sem bréfið er ritað hafi verið fyrir hendi upplýsingar um að niðurstöður sænsku rannsóknarinnar væru rangar. Að mati samkeppnisráðs er innihald dreifibréfsins í samræmi við þau gögn sem lágu fyrir á þessum tíma. Textinn sé því ekki rangur, ófullnægjandi eða villandi og jafnframt ekki ósanngjarn gagnvart keppinauti. Þá skiptir máli að upplýsingarnar höfðu verið birtar opinberlega í grein í Morgunblaðinu og virtust vera óbyggjandi og afgerandi er bréfið var sent. Að mati samkeppnisráðs er ekki óeðlilegt að bent sé á niðurstöður rannsóknarinnar og af þeim dregnar ályktanir. Gildir þar einu þó slíkt sé gert af keppinauti. Samkeppnisráð telur því að dreifibréfið brjóti ekki gegn ákvæðum 20. og 21. gr. samkeppnislaga.

Hvað viðkemur umfjöllun Stöðvar 2 um málið fær samkeppnisráð ekki séð að nokkuð hafi komið þar fram sem ekki má byggja á Morgunblaðsgreininni. Að mati samkeppnisráðs er ekkert í gögnum málsins sem sýnir á fullnægjandi hátt fram á tengsl á milli dreifibréfsins og fréttarinnar til þess að unnt sé að meta hvort ákvæði 20. og 21. komi hér til álita.

Skv. framansögðu er það mat samkeppnisráðs að dreifibréf Meistaravara, dreifing og efni þess sé ekki til þess fallið að hafa brotið gegn ákvæðum 20. og 21. gr. samkeppnislaga.

#### IV. Ákvörðunarorð:

**„Samkeppnisráð mun ekki hafast frekar að í máli þessu.“**